

**142. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
27. janúar 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Uppkast af skipulagslýsingu lögð fram.

*Skipulags- og umhverfissráð felur Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra að vinna málið áfram í samráði við skipulagshönnuð.*

**2. 2001207 - Deiliskipulag Skógarhverfi - Asparskógar 13**

Fyrirspurn um að reisa fjölbýlishús fyrir allt að 13 litlar íbúðir á lóðinni. Gert er ráð fyrir íbúðum á bilinu 31 - 52m<sup>2</sup> að nettóstærð. Bygging á tveimur hæðum og 13 bílastæði á lóð í stað 12.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að heimila hámark 13 íbúðir í stað 12. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**3. 2001205 - Deiliskipulag Flóahverfis - breyting**

Drög að breytingu deiliskipulags Flóahverfis.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framkomna breytingu á greinargerð er felst í því að heimilt verða að skipta upp fyrirliggjandi lóðum.*

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að heimila ofangreinda breytingu um frekari skiptingu lóða. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. 1912020 - Akraneslína 2 - lagning jarðstrengs**

Erindi Skipulagsstofnunar dags. 2. desember 2019, þar sem óskað er umsagnar um lagningu jarðstrengs frá tengivirki á Akranesi að tengivirki við Brennimeil.

*Mat á umhverfisáhrifum Akraneslínu 2 - jarðstrengs milli Akraness og Brennimeils.*

*Skipulags- og umhverfissráð tók fyrir erindi Skipulagsstofnunar, dags. 3. desember 2019, þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum lagningu jarðstrengs Akraneslínu 2 skuli háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Skipulags- og umhverfissráð telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum, m.a. þar sem með framkvæmdinni verði aflagðar loftlínur á svæðinu og er gert ráð fyrir strengnum í aðalskipulagi. Þá verður lögnin að hluta í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar þar sem við á. Hvorki er þörf á vegagerð*

RS

vegna verkefnisins né efnistöku. Leitast verður við að hafa jarðrask sem minnst. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfis skyld af hálfu sveitarfélagsins.

**5. 1909080 - Breiðin - valkostagreining**

Bæjarráð vísar málinu til skipulags- og umhverfisráðs og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Sævar Freyri Þráinsson bæjarstjóri fór yfir valkostagreiningu um framtíðar uppbyggingu á Breið og nærumhverfi á Akranesi.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

**6. 1906020 - Reynigrund 5 - umsókn um byggingarleyfi**

Svör við ábendingum sem bárust við grenndarkynningu.

Svör við ábendingum lagðar fram. Stefáni Þór Steindórssyni falið að vinna málið áfram

**7. 2001204 - Stofnanalóðir - arkitektaútboð**

Kynnt drög að útboðsgögnum vegna hönnunar lóða við Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sindra Birgissyni að vinna málið áfram.

**8. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf**

Jón Ólafsson verkefnastjóri lagði fram tillögu um styrkveitingar vegna hleðslustöðva fyrir fjöleignahús. Ellefu umsóknir bárust, þar af voru fimm gildar samkvæmt reglum um styrki. Heildarupphæð styrkumsókna er kr. 11.669.099. Úthlutað verður að þessu sinni kr. 4.936.715.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillögu verkefnastjóra og felur honum að auglýsa að nýju eftir umsóknum seinni hluta árs.

**9. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni**

Jón Ólafsson verkefnastjóri lagði fram samning við Akur ehf. varðandi framkvæmd við pressuhús á gámastöð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samning.

**10. 1912193 - Stærra viðhald fasteigna**

Opnun tilboða 24. janúar 2019 í verkin þak Brekkubæjarskóla og Bjarnarlaugar. Eftirfarandi tilboð bárust í Bjarnalaug þakviðgerðir 2020:

SF smiðir ehf. kr. 7.562.500

Trésmiðjan Akur ehf. kr. 6.094.899

GS Import ehf. kr. 5.598.900

Kostnaðaráætlun var kr. 6.582.000

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið Brekkubæjarskóli þakviðgerðir 2020.

SF smiðir ehf. kr. 21.838.000

Trésmiðjan Akur ehf. kr. 22.047.477


GS Import ehf. kr. 15.461.800

Kostnaðaráætlun kr. 18.580.000

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

RS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Ragnar Samundsson  
Gerður Jón. Jóhannsdóttir  


Stefánus Sturla

Hafþór Sigurðsson rit.